Skatturinn
Ríkisskattstjóri

# Umsókn félags sem vill fá viðurkenndan rétt fjárfesta til skattafsláttar vegna þátttöku í hlutafjáraukningu

Sbr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga

Viðtakandi

**Ríkisskattstjóri**
**Laugavegi 166**
**105 Reykjavík**

## A Almennar upplýsingar

| Nafn | Kennitala |
|---|---|
| Heimili | Póstnúmer og póststöð |
| Starfsemi | Atvinnugreinarnúmer |
| Stærð fyrirtækis | ☐ **Lítið** ☐ **Meðalstórt** ☐ **Stórt** Skilgreiningar á stærð fyrirtækja er að finna á bakhlið. |

## B Skilyrði þess að fjárfesting í félaginu veiti skattafslátt hjá fjárfestum

1. a) **Í hvaða landi er félagið stofnsett?** ____________
   Félagið sé stofnsett á Íslandi eða innan annars
   EES-ríkis, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

   b) **Er félagið með fasta starfsstöð á Íslandi?** ☐ Já ☐ Nei
   Félagið sé með fasta starfsstöð á Íslandi.

2. a) **Er félagið hluti af félagasamstæðu?** ☐ Já ☐ Nei

   b) **Fjöldi starfsmanna hjá félaginu/samstæðunni.** ____________
   Mega ekki vera fleiri en 25.

   c) **Hver er árleg velta félagsins/samstæðunnar?** ____________
   Félagið/samstæðan sé með árlega veltu undir 650 millj. kr.
   og/eða efnahagsreikning undir 650 millj. kr.

   d) **Hvað eru heildareignir félagsins/samstæðunnar miklar?** ____________
   Félagið/samstæðan sé með árlega veltu undir 650 millj. kr.
   og/eða efnahagsreikning undir 650 millj. kr.

3. **Greiðslu er lokið á öllu lágmarkshlutafé vegna stofnunar félagsins** ☐ Já ☐ Nei

4. **Hefur félagið verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað?** ☐ Já ☐ Nei
   Félagið hafi ekki verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað.

5. **Félagið staðfestir að það hafi ekki, þegar hlutafjáraukning á sér stað, verið starfandi á markaði lengur en sjö ár frá fyrstu sölu þess í viðskiptalegum tilgangi.** ☐ Já ☐ Nei

6. **Er félagið rekið í hagnaðarskyni?** ☐ Já ☐ Nei

7. **Á félagið í fjárhagsvanda?** ☐ Já ☐ Nei
   Sjá skilgreiningu á fjárhagsvanda á bakhlið.

8. **Á íslenska ríkið útistandandi endurgreiðslukröfu á félagið vegna ólögmætrar ríkisaðstoðar?** ☐ Já ☐ Nei

9. **Með umsókninni fylgir ársreikningur fyrir næstliðið reikningsár sem gerður hefur verið í samræmi við lög um ársreikninga.** ☐ Já ☐ Nei

10. **Félagið þarf að sýna fram á að andvirði hlutafjáraukningarinnar verði ráðstafað í þágu viðskiptastarfsemi þess. Ef félagið hefur ekki hafið viðskiptastarfsemi ber að nota að lágmarki 30% af andvirðinu til rannsókna eða þróunar á viðskiptastarfsemi sem hefjast skal innan tveggja ára frá skráningardegi hlutafjáraukningarinnar.**

    ______________________________________________

    ______________________________________________

11. **Hvað er fyrirhuguð hlutafjáraukning í félaginu/samstæðunni mikil?** ____________
    Hlutafjáraukning í félagi/samstæðu getur að hámarki numið 2.000 millj. kr. í heild.

**12. Félagið staðfestir að starfsemi þess felist ekki í neinni af neðangreindum starfsgreinum:** ☐ Já ☐ Nei

- **starfsemi sem felst í viðskiptum með fasteignir,**
- **starfsemi sem felst í útleigu fasteigna eða lausafjár,**
- **starfsemi eignarhaldsfélaga,**
- **starfsemi fjárfestingarfélaga,**
- **starfsemi eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999,**
- **starfsemi sem felst í útseldri þjónustu og ráðgjöf sérfræðinga,**
- **starfsemi sem felst í kvikmyndaframleiðslu,**
- **starfsemi sem felst í mannvirkjagerð og hvers kyns viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum,**
- **starfsemi tengd fjárfestingu og/eða rekstri hótela, gistiheimila og veitingastaða,**
- **starfsemi sem felst í útflutningi og innflutningi vara sem framleiddar eru og þróaðar af öðrum,**
- **starfsemi sem felst í hvers kyns námuvinnslu.**

**ATH. Til að fjárfestar í félaginu geti fengið skattafslátt vegna hlutabréfakaupa í félaginu við hlutafjáraukningu þess, þarf félagið að skila inn lista yfir þátttakendur í hlutafjáraukningunni samhliða öðrum gagnaskilum í janúar árið eftir hlutafjáraukninguna.**

**Fram skal koma hver fjárfesting viðkomandi hluthafa var, og hvort hann sé ennþá eigandi hlutarins um áramót. Félagið skal einnig staðfesta að því sé ekki kunnugt um að viðkomandi fjárfestir sé tengdur félaginu á þann hátt sem fjallað er um í 6. tl. 2. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003.**

## Skilgreining á félagi í fjárhagsvanda.

Félag telst eiga í fjárhagsvanda ef a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

1. Um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð og bókfært eigið fé þess, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, er orðið lægra en nemur helmingi innborgaðs hlutafjár að meðtöldum yfirverðsreikningi. Þessi töluliður á ekki við um félag skv. 2. tölul. 3. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003, þegar starfsemi þess hefur staðið yfir í þrjú ár eða skemur.
2. Um er að ræða félag þar sem a.m.k. einn aðili ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins og bókfært eigið fé þess, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, er orðið lægra en nemur helmingi innborgaðs hlutafjár að meðtöldum yfirverðsreikningi. Þessi töluliður á ekki við um félag samkvæmt 2. tölul. 3. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003, þegar starfsemi þess hefur staðið yfir í þrjú ár eða skemur.
3. Um er að ræða fyrirtæki sem sætir gjaldþrotameðferð eða hefur óskað heimildar til að leita nauðasamninga.
4. Um er að ræða fyrirtæki sem hefur fengið björgunaraðstoð í skilningi leiðbeinandi reglna ESA um björgun og endurskipulagningu fyrirtækja, og hefur enn ekki endurgreitt lánið eða aflétt ábyrgðinni eða hefur fengið aðstoð til endurskipulagningar og er því enn bundið af samþykktri áætlun um endurskipulagningu.

## Skilgreining á stærð fyrirtækja.

**Lítið fyrirtæki:** Fyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og er með árlega veltu undir 10 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 10 milljónum evra.

**Meðalstórt fyrirtæki:** Fyrirtæki sem er með á bilinu 50–250 starfsmenn og er með árlega veltu undir 50 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 43 milljónum evra.

**Stórt fyrirtæki:** Fyrirtæki með fleiri en 250 starfsmenn.

| | |
|---|---|
| Dagsetning | Undirskrift |
| Sími | Tölvupóstfang |